

Fimmtudaginn 4. desember 1980.

Nr. 235/1980. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurði Erni Ingólfssyni.

Kærumál. Farbann. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur kært til Hæstaréttar, sbr. 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, ákvörðun sakadóms Reykjavíkur 26. f. m. um, að honum sé meinuð brottför af Íslandi allt til 1. mars 1981 eða þar til annað verður ákveðið.

Gögn máls bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 1. þ. m. og greinargerð skipaðs réttargæslumanns varnaraðilja 3. s. m. svo og greinargerð ríkissaksóknara.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist aðallega, að hin kærða ákvörðun um farbann verði ómerkt og málinu vísað frá dómi, en til vara, að ákvörðunin verði úr gildi felld. Þá krefst réttargæslumaðurinn þóknunar fyrir flutning máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari krefst þess aðallega, „að kærða verði gert að halda sér hér á landi og innan íslenskrar lögsögu fyrst um sinn og þar til mál kærða verður tekið fyrir á ný og annað ákveðið.

Til vara er krafist staðfestingar á ákvörðun dómara, þó þannig, að í stað 1. mars 1981 komi 1. júlí 1981“.

Með skriflegri kröfugerð rannsóknarlögreglu ríkisins 10. nóvember 1980, sem lögð var fram á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sama dag, var þess krafist, að sakadómur legði farbann á varnaraðilja og meinaði honum för af landinu allt til 1. apríl 1981. Segir í kröfugerðinni, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi um nokkurra mánaða skeið unnið að rannsókn á umfangsmiklum ætluðum fjársvikum varnaraðilja og annars manns. Rannsakaðar hafi verið 4 kærur á hendur varnar-

aðilja og 6. f. m. hafi ríkissaksóknara verið send mál þessi til ákvörðunar og meðferðar.

Á dómþinginu 10. nóvember var varnaraðilja kynnt kröfugerð þessi. Að beiðni hans var honum veittur frestur til fimmtudagsins 17. f. m. til að skila greinargerð. Þá er og fært til bókar: „Einnig er honum kynnt sú ákvörðun dómars, að honum sé óheimilt að fara af landi brott, en sú ákvörðun verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra sólarhringa“.

Þingað var aftur í málinu í sakadómi Reykjavíkur 26. nóvember 1980. Voru þá lagðar fram greinargerðir ríkissaksóknara og skipaðs réttargæslumanns varnaraðilja, dags. 13. nóvember. Í greinargerð ríkissaksóknara segir, að tekið sé undir kröfur rannsóknarlögreglunnar „og þá í þeirri mynd, að dómari leggi fyrir kærða samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74/1974 að halda sér hér á landi og innan íslenskrar lögsögu fyrst um sinn og þar til mál ákærða verður tekið fyrir á ný og annað ákveðið“. Af hálfu skipaðs réttargæslumanns varnaraðilja var þess krafist, að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins yrði hrundið. Einnig var krafist þóknunar til réttargæslumanns vegna þessa þáttar málsins.

Í þinghaldi þessu er fært til bókar:

„Sigurður Örn Ingólfsson er sakaður um stórfelld fjársvik. Rannsóknarlögregla ríkisins sendi ríkissaksóknara mál hans til ákvörðunar 6. þ. m. Fjarvist kærða á þessu stigi málsins kynni að tefja meðferð þess og valda réttarspjöllum. Ákveðst því með tilvísun til 72. gr. laga nr. 74/1974 að meina honum brottför af Íslandi allt til 1. mars 1981 eða þar til annað verður ákveðið.

Kl. 15.50 er Sigurði Erni Ingólfssyni og lögmanni hans, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hrl., kynnt ofanrituð ákvörðun. Hann kveðst óska eftir að kæra ákvörðun þessa til Hæstaréttar Íslands.

Dómarinn tekur fram, að vegabréf Sigurðar Arnar hefur verið í vörslu dómarsins frá 11. þ. m., en þá afhenti hann dómaranum það“.

Við upphaf þinghaldsins 26. nóvember var dómara kunn-

ugt, að varnaraðili mótmælti því, að farbannið næði fram að ganga. Bar dómara að kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort varnaraðili skyldi sæta farbanni. Þann úrskurð mátti varnaraðili kæra til æðra dóms samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Að svo vöxnu er máli þessu vísað heim í hérað, og ber héraðsdómara að kveða upp rökstuddan úrskurð um farbannskröfuna.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað heim í hérað, og ber dómara að kveða upp rökstuddan úrskurð um framangreinda kröfu.

Mánudaginn 8. desember 1980.

Nr. 18/1979. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Halldóri E. Malmberg
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Skattamál. 12. gr. lögtakslaga nr. 29/1880. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1979. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og staðfest verði lögtak það, sem gert var að kröfu hans í húseign stefnda nr. 94 við Sörlaskjól hinn 4. apríl 1978, að því er tekur til 504.350 króna. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.